

Nr. 17-134 S 102 Þórsnes SH 109***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr.: 2936
 Útgerð: Þórsnes ehf.
 Smíðaður: Solstrand AS Noregi
 Stærð: 879,92 bt.
 Mesta lengd: 43,32 m Skráð lengd: 38,39 m
 Breidd: 10,50 m Dýpt: 7,10 m
 Vél: Caterpillar, 749 kw, 1996
 Fjöldi skipverja: 16



Þórsnes ©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 19. ágúst 2017 var Þórsnes SH 109 á grálúðuveiðum á Rífsbanka norður af Melrakkasléttu. Veður: VNV 15-16 m/sek., talsverður sjór og veltingur.

Skipverjar voru að taka grálúðu úr frystitækjum í öskjum og raða þeim í lyftu sem flutti þær niður í lest. Þegar búið var að fylla lyftuna, sem tók fjörutíu öskjur, fóru þrjár þeirra niður með henni sitjandi ofan á öskjunum. Þegar lyftan var kominn niður féll einn þeirra úr henni og niður á lestargólfið með þeim afleiðingum að hann slasaðist á vinstri öxl.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði var í fyrstu ferð sinni með skipinu og kvaðst ekki hafa verið varaður við þessu háttalagi þ.e.a.s. að sitja ofan á öskjunum í lyftunni. Honum hafði skilist að þetta væri viðtekin venja;
- að fram kom að það hefði verið sérstakur stigi til að fara niður í lestina;
- að slasaði sagði að þeir hefðu aðeins getað haldið sér meðan lyftan var uppi en ekki þegar hún var komin niður í lestina;
- að slasaði hafði verið þrjú ár á öðrum línubát áður en hann kom þarna;
- að fram kom hjá skipstjóra að svona atvik hefði ekki gerst áður og eftir slysið var þetta athæfi alfarið bannað. Ekki voru settar sérstakar merkingar um það;
- að ekki hafði verið gert sérstakt áhættumat fyrir lyftuna eins og segir í reglugerð nr. 200/2007 um ráðstafanir til að stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum. Fram kom hjá skipstjóra að þegar skipið var keypt voru stjórn tök lyftunnar laus og skipverjar þá ferðast með lyftunni ásamt því að stjórna henni. Samgöngustofa gerði athugasemdir við þetta og var útgerðinni gert að hafa stjórn tökin föst með sérstökum stjórnanda.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að ekki hafði verið farið eftir fyrirmælum um notkun lyftunnar.